

Luxury Adventures ehf.  
Askalind 8  
201 Kópavogur

Reykjavík 20. október 2017  
UST201710-045/I.M.B.  
09.08.02

### **Efni: Umsókn um akstur utan vega vegna auglysingar**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Luxury Adventures, f. h. Abercrombie and Kent, dagsett 6. október 2017, um akstur utan vega á ströndinni í sjávarmálinu austan við brúna yfir Ölfusárósa þann 23. október 2017.

Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita sérstakt leyfi til að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhalds skála og neyðarskýla og vegna kvíkmyndagerðar, enda er ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að aka út af þjóðveginum austan við brúna yfir Ölfusárósa niður á sandinn í fjörunni og í sjávarmálinu og komið upp að bryggjunni hjá Eyrarbakka. Áætlað er að fara með fimm jeppa (Toyota Hilux og Land Rover) um 2,6 km leið eftir ströndinni og munu fór eftir bílana skola burt innan sólarhrings. Upptökur eru áætlaðar á sandinum á ströndinni við sjóinn. Ekki er unnt að ganga með búnað og fólk með sér til að komast á áfangastað. Verið er að taka upp efni um Ísland í markaðsskyni fyrir ferðaskrifstofuna Abercrombie and Kent frá Bandaríkjum. Munu ökutæki ekki vera í mynd. Um ræðir náttúrulandslag og umfjöllun um tiltekna persónu á Íslandi. Verður hópurinn leiddur af leiðsögumanni sem þekkir leiðina mjög vel. Fyrirlestur verður fyrir hópiinn af framleiðslu- og leiðsögumanni fyrir brottför um öryggi til að tryggja að ekki verði náttúruspjöll og að einungis skuli halda sig á svarta sandinum.

#### **Áhrifamat:**

Um er að ræða fjöru þar sem ekki er mikill gróður til staðar. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að aksturinn hafi neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir akstrinum. Umhverfisstofnun mælist til þess að aksturinn fari fram þegar það er lágsjávað til að minnka umhverfisáhrif akstursins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leiti leyfi fyrir akstri með sjávarmáli austan við brúna við Ölfusárósa að bryggjunni við Eyrarbakka, þann 23. október 2017, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Leyfið felur þó ekki í sér heimild til að sýna ökutækin í akstri utan vega í mynd:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefjast og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Lokaafurð verkefnisins, þ. e. auglýsingin sem ætlað er að birta á opinberum vettvangi skal vera í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í leyfisbréfi þessu og skal auglýsingin send Umhverfisstofnun til umsagnar áður en hún er birt opinberlega.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að tökum loknum.
- Umferð starfsfólks verkefnisins takmarkast við leiðina sem leyfið nær til. Ekki skal farið inn á gróðursvæði þar sem umgangur og akstur er líklegur til að valda skemmdum.
- Óheimilt er að sýna aksturinn, farartækin sem keyrt verður á í fjörunni og för eftir þau í því myndefni sem tekið verður upp í ferðinni.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir utanvegaakstri hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Þess skal gætt að ekki verði truflun á dýralífi.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvíkmyndagerð, viðhalds skála og neyðarskýla, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, nema um sé að ræða framkvæmd sem stuðlar að almannuheill og öryggi almennings, sbr. 24. gr. a í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Gjaldið er kr. 39.400.-

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200.- kr/klst.

Virðingarfyllst



Kristín Kalmansdóttir  
Sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur